

## Jón Prándur Stefánsson

---

**Frá:** Þórdís Sif Sigurðardóttir <thordissif@isafjordur.is>  
**Sent:** föstudagur, 28. febrúar 2020 15:29  
**Til:** Jón Prándur Stefánsson  
**Efni:** RE: Bæjarstjórn - 452

Sæll Jón Prándur,

Hér koma uppfærðar sérreglur Ísafjarðarbæjar fyrir byggðakvóta fiskveiðiársins 2019/2020 fyrir byggðakvóta á Flateyri:

Því sem er bætt við er í I) hluta sérreglana: a) Ákvæði a) liðar 1. gr. reglugerðar 676/2019 falli brott.

Heildar tillaga að sérreglum vegna byggðakvótans á Flateyri hljómar því svo:

I) Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar sem fluttist frá fiskveiðiárinu 2018/2019, alls 178 þorskígildistonn, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a) liðar 1. gr. reglugerðar 676/2019 falli brott.

b) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks byggðarlagsins sem varð eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, samtals 178 þorskígildistonn, skal fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan byggðarlagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019. Þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiárinu 2018/2019.

Afli af fiskiskipum sem landað er í byggðarlaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan byggðarlagsins á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er heimilt að landa þessum afla, á fiskmarkað innan byggðarlagsins án mótframlags og án vinnsluskyldu, á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020. Fiskistofa skal afhenda byggðakvóta í þorskígildum talið, jafnóðum og löndun á sér stað og vigtarnótur berast, þar til úthlutun er fullnýtt.

Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

II) Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar á alls 300

þorskígildistönum, sem tilheyrja fiskveiðiárinu 2019/2020, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnu-skyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2019.

Önnur málsgrein 1. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, alls 300 þorskígildistonn, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiárinu 2018/2019, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Bátar geta fengið úthlutun úr báðum pottum, þó skal við hámarksúthlutun á bát miða við samtölu úthlutunar

úr báðum pottum, I) og II).

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla, sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan byggðarlagsins, á tíma-bilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

III) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 676/2019 verði felld niður, þ.e. eftirfarandi málsgrein:

"Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í."

Kær kveðja,

**Pórdís Sif Sigurðardóttir, starfandi bæjarstjóri**

450 8021 – 862 5041 - [thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)

---

**From:** Pórdís Sif Sigurðardóttir

**Sent:** föstudagur, 21. febrúar 2020 17:47

**To:** 'Jón Þrándur Stefánsson' <jon.stefansson@anr.is>

**Subject:** Bæjarstjórn - 452

Sæll Jón Þrándur,

Meðfylgjandi er afrit úr fundargerð 452. fundar bæjarstjórnar sem haldinn var 20. febrúar sl., þar sem sérreglur um byggðakvóta fiskveiðiársins 2019/2020 fyrir Flateyri var samþykkt í þremur liðum:

### **„2019090036 - Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019/2020**

*Bæjarstjóri leggur fram tillögu að sérreglum fyrir byggðakvóta fiskveiðiársins 2019/2020 fyrir byggðakvóta á Flateyri í þremur liðum:*

"I) Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar sem fluttist frá fiskveiðiarinu 2018/2019, alls 178 þorskígildistonn, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks byggðarlagsins sem varð eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, samtals 178 þorskígildistonn, skal fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan byggðarlagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019. Þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiarinu 2018/2019.

Afli af fiskiskipum sem landað er í byggðarlaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan byggðarlagsins á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er heimilt að landa þessum afla, á fiskmarkað innan byggðarlagsins án mótframlags og án vinnsluskyldu, á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020. Fiskistofa skal afhenda byggðakvóta í þorskígildum talið, jafnóðum og löndun á sér stað og vigtarnótur berast, þar til úthlutun er fullnýtt.

Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

II) Ákvæði reglugerðar nr. 676/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Flateyrar á alls 300

þorskígildistonnum, sem tilheyrja fiskveiðiarinu 2019/2020, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnu-skyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2019.

Önnur málsgrein 1. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflaþmarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, alls 300 þorskígildistonn, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiárinu 2018/2019, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Bátar geta fengið úthlutun úr báðum pottum, þó skal við hámarksúthlutun á bát miða við samtölu úthlutunar úr báðum pottum, I) og II).

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla, sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan byggðarlagsins, á tíma-bilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvóta.

III) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 676/2019 verði felld niður, þ.e. eftirfarandi málsgrein:

"Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í."

Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Daníel Jakobsson

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.“

Virðingarfyllst,



**Þórdís Sif Sigurðardóttir**  
bæjarstjóri

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður - 8625041  
450 8021 – [thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is) - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)